

Tillaga til ályktunar

– Bikarkeppni neðri deilda karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að koma á fót bikarkeppni neðri deilda karla þar sem þátttökurétt eiga þau lið sem leika í 2. og 3. deild, liðin tvö sem féllu úr 3. deild árið áður auk liða sem enduðu í 3. til 8. sæti 4. deildar árið áður.

Lagt er til að ákvæði um nýja bikarkeppni neðri deilda karla verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaganna KSÍ.

Starfshópur KSÍ um neðri deildir karla lagði til að sett yrði á fót ný bikarkeppni neðri deilda karla. Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að sú tillaga yrði lögð fyrir ársþingi KSÍ 2022.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Það er mat starfshópsins að sér bikarkeppni liða í neðri deildum gæti verið skemmtileg viðbót við mótahaldið. Keppnin hæfist með 32-liða úrslitum, með þátttöku liða úr 2. og 3. deild ásamt 8 liðum úr 4. deild.

Úr skýrslu starfshóps KSÍ um neðri deildir

Hugmynd um að setja í gang sér bikarkeppni fyrir félög í neðri deildum hefur nokkrum sinnum komið fram á undanförunum árum, m.a. kom erindi frá 9 félögum árið 2020 þar sem skorað var á KSÍ að taka upp slíka keppni.

Í samtölum við félögin kom fram að mörg félög horfðu jákvæðum augum til þessa móts. Nokkur félög (einkum á landsbyggðinni) höfðu uppi efasemdir um að bæta við þessu móti og töldu þetta einungis auka á ferðakostnaðinn sem væri nægur fyrir.

Áskoranirnar eru ýmsar þegar kemur að því að bæta við móti sem þessu, m.a.;

- *Leikdagar m.t.t. ferðalaga milli landshluta og árekstrar við lok mismunandi móta.*
- *Keppnisfyrirkomulag*
- *Dómarakostnaður og hvort til séu dómaraþar í verkið.*
- *Reglugerð, hvort sé skiptur ferðakostnaður, agamál ofl.*
- *Sala markaðsréttar*

Það er mat starfshópsins að þetta mót gæti verið skemmtileg viðbót við okkar mótahald og að stefna eigi að því að leggja fram tillögur á næsta ársþingi um málið sem miði að því að hefja slíka keppni árið 2023. Næsta ár verði svo notað til að smíða regluverkið, selja markaðsréttindin og fjármagna mótið. Til að fækka leikjum og jafnframt að huga að kostnaðarþætti mótsins, þá leggur starfshópurinn til að engin forkeppni verði í mótinu og að í 32-liða úrslit komist þau lið sem leika í 2. og 3. deild, liðin tvö sem féllu árið áður úr 3. deild ásamt liðum númer þrjú til átta í 4. deild árið áður.

Hópurinn sér fyrir sér að 32-liða úrslit verði um miðjan júní, 16-liða um miðjan júlí, 8-liða í byrjun ágúst. Undanúrslit og úrslitaleikur mótsins verði svo eftir að keppni er lokið í viðkomandi deildum.

Stjórn KSI